



Skólaþing Seyðisfjarðarskóla 2018

Fjórða skólaþing Seyðisfjarðarskóla var haldið þriðjudaginn 9. október 2018 í Herðubreið. Skólaþingið er samkoma þar sem nemendur, foreldrar og starfsfólk, auk annarra Seyðfirðinga sem hafa áhuga á skólastarfinu, koma saman og ræða málefni sem eru mikilvæg fyrir skólann og þróun hans. Starfsfólki allra deilda Seyðisfjarðarskóla var boðið á þingið ásamt foreldrum og nemendum frá 5. bekk og eldri. Þeir nemendur sem mættu á þingið fengu síðan frí í tvær kennslustundir síðar í vikunni. Þingið var auglýst með því að senda tölvupóst á öll heimili nemenda, á heimsíðu skólans og á heimasíðu kaupstaðarins. Skólastjóri ásamt aðstoðarskólastjórum komu sér saman um málefni sem mikilvægt væri að skoða á þessu þingi. Áhersla var lögð á listadeild og málefni tengd henni á skólaþinginu þetta árið. Listadeildin tók að sér undirbúning þingsins og útbjó 7 spurningar sem lagðar voru fyrir gesti og undirbjó þingið með stuðningi frá öðrum innan skólans.

Dagskráin var eftirfarandi:

Kl. 17:30 **Setning**. *Benedikt H. Hermannsson, stjórnandi listadeildar*

Kl. 17:45 **Erindi** *flutt af Svavari Pétri Eysteinssyni, bónda, hönnuði og tónlistarmanni frá Berufirði.*

Kl. 18:05 **Umræðuhópar**. Til umræðu verða eftirtaldar spurningar:

Heilsueflandi skóli

- * Hvernig getum við bætt líðan nemenda?
- * Hvernig getum við eflt sjálfstraust nemenda og tilfinningu þeirra fyrir að hafa stjórn á eigin lífi?
- * Hvernig viljum við haga tölvu- og símanotkun heima fyrir og í skólastarfinu?

Námsmat

- * Námsmat og foreldrasamtöl innan leik- og grunnskóladeildar. Skoðið út frá fyrirkomulagi, tíðni, gagni. Er ef til vill einhvert form sem myndi henta betur?
- * Hvernig getum við bætt námsmat í listadeild?



Nærsamfélagið

- * Hvernig getum við bætt samstarf fjölskyldu og skóla?
- * Tillögur að verkefnum sem tengja skólann við nærumhverfið og nærumhverfið við skólastarfið?

Nám í list- og verkgreinum

- * Hvert er hlutverk list- og verkgreina í undirbúningi fyrir lífið?
- * Hvernig sjáum við fyrir okkur tengingu list- og verkgreinanáms við nærsamfélagið?

Tónlistarnám

- * Hvað er gott og hvað má bæta í fyrirkomulaginu á tónlistarnáminu, til dæmis varðandi stundatöflur tónleikahald?

Listadeild

- * Hvað finnst okkur um það sem er að gerast í listadeild og hvernig viljum við sjá það starf þróast?

Hvað skiptir mestu máli?

- * Hvað skiptir mestu máli í skólasamfélaginu okkar?

Kl. 19:00 Matur, súpa og brauð í boði skólans.

Kl. 19: 20 Niðurstöður, fulltrúar úr hópunum kynna niðurstöður hvers hóps.

Kl. 19:55 Samantekt og þingslit.



Samantekt umræðuhópanna

Heilsueflandi skóli

* Hvernig getum við bætt líðan nemenda?

- Nemendur séu ekki afskiptir, sé haldið vel utan um nemendur.
- Skólasálfræðingur/hjúkrunarfræðingur hefði fasta viðveru í skólanum sem nemendur gætu leitað til
- Vinahópar, halda því starfi áfram mjög mikilvægur þáttur.
- Allir nemendur fái að tjá sig og vera eins og þeir eru. Styðja við hvern og einn t.d. að strákar fái að vera strákar o.s.frv.
- Byggja upp sjálfstraust/Sjálfsstæði. Að börnin læri að hafa völd.
- Hafa fleiri í gæslu í frímínutum
- Fleiri útikennslustundir, meiri útivera.
- Salatbar

* Hvernig getum við eflt sjálfstraust nemenda og tilfinningu þeirra fyrir að hafa stjórn á eigin lífi?

- Fá að vera það sem þau eru. Gera meira af því sem þau eru góð í. Vinna meira með styrkleika hvers og eins. Njóta sín í því sem þeir eru færir í.
- Stuðla að hópefli innan nemenda hópsins.
- Þjálf þau í að tala fyrir framan hóp.
- Foreldrar tali saman og beri virðingu fyrir hverju öðru. Virkara og sýnilegra foreldrastarf.
- Persónuleikapróf, hjálpa krökkunum að sjá hvar styrkleikar þeirra liggja.
- Krökkum líður ekki eins og þeir séu þeir sjálfir í skólanum.
- Tíma til að krakkar geti staðið upp og sagt hver þau eru og hvernig þeim líður.
- Spila íþróttir.



*** Hvernig viljum við haga tölvu- og símanotkun heima fyrir og í skólastarfinu?**

- Á kvöldin eru símar og tölvur teknar úr umferð.
- Símar eiga ekki heima í skólanum, krakkar hafa ekkert að gera við síma á skólatíma
- Takmarkaður tölvutími heima.
- Þurfa tónlist.
- Nota síman sem orðabók í tímum
- Getur haft truflandi áhrif í tímum
- Hafa símana í ákveðnu hólfi þar sem krakkarnir geta náð í síman til að vinna ákveðin verkefni.
- Síminn ert bara þú þegar þú ert í honum. Mér finnst að símar ættu ekki að vera til.
- Símar eru að taka yfir öllu! Þeir eru ekki smart.

Námsmat

*** Námsmat og foreldrasamtöl innan leik- og grunnskóladeildar. Skoðið út frá fyrirkomulagi, tíðni, gagni. Eru ef til vill einhvert form sem myndi henta betur?**

*** Hvernig getum við bætt námsmat í listadeild?**

- Frammistaða nemenda í tímum ætti að veða þyngra yfir veturinn,
- Krákkarnir segja að það er svo mikið ólíkt hvernig við vinnum og er metið eftir stigum í grunnskóladeild.
- að það sé meira símat, að verkefni séu metin



- Hafa verkefni og próf
- Ef minnka ætti vægi prófa væri það hættulegt fyrir suma
- Unglingunum finnst að það ætti að vera hægt að skila verkefnum inná mentor
- verkgreina próf ættu heldur ekki að vera neitt skrifleg,
- væri líka gott að hafa samtali að vori, til að ljúka vetrinum,
- Krakkarnir eru sammála þessum punkti að gott væri að ljúka vetrinum á samtali.
- Ervitt að taka próf, við verðum kvíðinn – en þegar ég er að læra heima gengur allt betur
- Ofurþögn í prófi er kvíðvænleg gott væri að mega vera með tónlist,
- Unglingar segja að of mikið væri fókusað á niðursstöðu prófa
- Samtölin góð þegar þau snúast um það sem krakkarnir eru að gera og geta og vilja.
- Við vitum ekki hvernig námsmat í listadeild er háttað svo við getum litlu bætt það.
- í listadeild, segja krakkarnir segja hvað þeim finnst um þeirra frammistöðu og út frá því er metið hvaða einkunn þau fá.
- námsmat á að segja hvernig þú stendur þig í að skila verkefni,

Aðrar athugasemdir:

- Klósettin í kjallarnum eru ekki snyrtileg. Við óskum eftir vatnsbrunnum einum á hvora hæð.
- Hætta að setja svona mikla áherslu á bara próf.
- Meira val í íþróttum ekki bara fótbolli blak og körfubolti
- Líka fleiri íþróttir utan skóla



Nærsamfélagið

* Hvernig getum við bætt samstarf fjölskyldu og skóla?

Meira frí frá skóla,

Samkomur þar sem foreldra og nemendur vinna að sameiginlegum verkefnum eins og þorablót

Lítil hrifning af menningarmóti, óþægilegt að fá ókunnugt fólk inn á mótið.

Finnst ekki þörf á að fá foreldra inn í skólastarfið.

Fá foreldra inn í skólastarfið inn í kennslustofur.

Nemendur að kenna foreldrum t.d. að baka brauð, súrsa og annað sem tengist heimilisfræði. Hafa stutt námskeið fyrir foreldra.

Vorferðalag eða haustferð t.d gönguferðir.

* Tillögur að verkefnum sem tengja skólann við nærumhverfið og nærumhverfið við skólastarfið?

Dagar myrkurs og list í ljósi væri heppilegt verkefni.

Skólakór væri gott verkefni

Gera góðverk t.d á Fossahlíð syngja, lesa upp sögur

Nemendur grunnskóladeildar að lesa fyrir leikskólabörnin

Foreldrar koma í skólana og lesa fyrir leikskólabörnin og yngstu börnin í grunnskóladeild

Vinahópar, bekkurinn fór alltaf heim til allra.

Allir að vera vakandi fyrir því að tala vel um skólann okkar, vera með jákvæðni í öllum samskiptum

Nám í list- og verkgreinum

* Hvert er hlutverk list- og verkgreina í undirbúningi fyrir lífið?

- Hlutverk list-og verkgreina í undirbúningi fyrir lífið er að kenna nemendum að vera skapandi eða að finna sköpunarkraftinn innra með sér.
- Í listgreinum lærir maður að kynnst sjálfum sér og að túlka sjálfan sig.
- Að leyfa nemendum að kynnst sem flestum listgreinum strax á unga aldri. Í lífinu er gott að eiga bakgrunn og halda áfram að stunda listir því þær gefa útrás fyrir tilfinningar og lífsfyllingu.



- Í náminu ætti að bjóða uppá þann valmöguleika að skila inn verkefnum sbr. ritgerðum á skapandi hátt t.d. á myndbandsformi.

* Hvernig sjáum við fyrir okkur tengingu list- og verkgreinanáms við nærsamfélagið?

- Fólk sem kemur til og á heima á Seyðisfirði kemur ekki til að fá sér að borða, það kemur til þess að sjá allskonar list t.d. Norðurgötuna, Skaftfell, norsku húsin eða að taka þátt í opnum listatímum, samspilstímum o.fl.
- Skólarnir hafa listatengingu við nærsamfélagið í gegnum t.d. List í ljósi og Skaftfell.
- Verið er að kenna dans á miðstigi og það mætti bjóða uppá dans á fjölbreyttara aldurstigi.
- Það mætti bjóða uppá fleiri íþróttagreinar á veturna vegna þess að núna er bara í boði að æfa blak.
- **Seyðfirðingar gætu opnað heimili sín á List í ljósi t.d. að halda súpukvöld, vera með lifandi tónlist og halda ljósagjörninga/ljósaskreytingar**

Tónlistarnám

* Hvað er gott og hvað má bæta í fyrirkomulaginu á tónlistarnáminu, til dæmis varðandi stundatöflur tónleikahald?

Gott er að hafa frjálrsæði, fá að gera það sem menn vilja.

Fá fleiri hljómsveitartímar.

Vantar meira húsnaði til tónlista æfingar, fleiri staði, meira aðgreining.

Fá kannski sviðið í gamla bíosalnum.

Æskilegt væri að yngri nemendur lærðu tónlist á skólatíma, en þau eldri eftir skóla.

Vantar fleiri míkrofóna.



Listadeild

*** Hvað finnst okkur um það sem er að gerast í listadeild og hvernig viljum við sjá það starf þróast?**

1. Almennt mjög mikil ánægja, mjög gaman í samspili á föstudögum, kostir og gallar við val á list- og verkgreinum á unglingsstigi og miðstigi var líka eitt val sem var vinsælara en annað, mætti skoða á hvaða forsendum er ákveðið hvaða valgreinar eru í boði,
2. Mætti setja smíði í stundatöflu aftur á unglingsstigi, auka smíðatíma á miðstigi, gott að geta valið verkefni í smíði, mjög góðar aðstæður,
3. Heimilsfræði er mjög skemmtilegt fag, gaman að baka og elda, nýja stofan miklu betri, meira pláss, þægilegra að vinna í hópum, gaman að nota útikennslustofuna ef veðrið er vont og mætti nota stofuna og tækin meira, útigallar er hugmynd sem mætti kannski skoða
4. Myndmennt er skemmtilegt fag, ákveðin verkefni, stofan er góð, myndi vilja fá það sem val á unglingsstigi, mikið að teikna, lotukennsla í myndmennt þegar Skaftfell sá um það kom vel út, sérstök verkefni eru mjög skemmtileg og velkomin, s.s. ASÍ
5. Dansnámskeiðin er tilgangslaus af því það er alltaf verið að kenna sömu dansana,
6. Bara þrjú skráðir á almenn tónlistanámskeið í hópnum
7. Mætti bæta við í vali raftónlist, húsgagnasmíði, grafísk hönnun,
8. Með skólaskemmtunina fannst nemendum leiðinlegt að missa af atriðunum, stressandi að hlaupa á milli af því hver var með mörg hlutverk, hljóðfærarleikarar og söngvarar sáu ekki leikritið, nemendur fengu ekki að ráða og vilja stýra meira, sumir fengu ekki að njóta sín, nemendur vilja hjálpa Kela að smíða leikmyndina.

Hvað skiptir mestu máli?

*** Hvað skiptir mestu máli í skólasamfélaginu okkar?**

1. Aðgengi fyrir alla.
2. Að hafa hollan og góðan mat.
3. Öruggar gangbrautir – öryggi á skólalóðinni.
4. Umerðaskilti sem sýnir að það sé skóli nálægt.
5. Rétt hitastig í skólahúsnæðinu.



6. Fleiri ávextir eða meira úrval í boði í nesti og matartíma.
7. Fara með fyrstubekkinga í skoðunaferð um skólalóðina. Kynna fyrir þeim mörk skólalóðar.
8. Banna síma alveg í skóla? Ekki allir sammála um þetta atriði.
9. **Vellíðan í skólanum. Að öllum líði vel í skólanum.**
10. Innleiða fjármálalæsi fyrr í skólakerfinu, t.d. í líflsleikni í unglingadeild.
11. Virkja félagsmiðstöð eftir skóla (td. diskó, horfa á mynd, spilakvöld).
12. Kynna skólaráð fyrir öllum aldurshópum.
13. Hafa trúnaðarmann fyrir nemendur til að leita til. Skólasálfræðingur, námsráðgjafi með viðverutíma.
14. Meiri fjölbreytni í íþróttatímum, t.d. jóga

Þingið gekk mjög vel. Allir voru áhugasamir og tóku virkan þátt í vinnunni, góðar umræður mynduðust í hópunum. Tímasetningar og almenn framkvæmd þingsins gekk vel upp, tæknileg atriði, s.s. tölvuskrásetning, míkrofónn ofl. voru vel skipulögð og auðvelduðu vinnuna töluvert. Hver hópur fékk eina fartölvu þar sem búið var að undirbúa skjal með viðeigandi umræðupunktum. Að kynningu lokinni var skjalið vistað á skýi með öðrum skjölum, þannig að hægt var að taka saman efni umræðnanna strax að loknu þinginu. Sparar þetta þónokkuð mikla vinnu og tíma sem hefði annars farið í að bíða eftir skjölunum frá ritara hvers hóps. Umræður og punktar sem bárust skólastjórnendum frá umræðuhópunum verða nýttir til þróunar á starfinu í vetur bæði innan stjórnunarteymisins og starfsmanna alls skólans. Þessi umræða og áframhaldandi vinna við málefnið mun án efa hafa í för með sér jákvæða þróun fyrir skólann okkar og skólasamfélagið. Næsta vetur mun Grunnskóladeild Seyðisfjarðarskóla undirbúa og sjá um skólaþingið með stuðningi frá öðrum deildum.

Fyrir hönd Seyðisfjarðarskóla

Benedikt H. Hermannsson